

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt sem hér segir.

63 A 1-fasa kr. 11 500.00.

63 A 3-fasa kr. 15 800.00.

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengd-argjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaði.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir rafmagnsnotkun um heimtaug skal vera kr. 5 960.00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra árshelmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 840.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald kr. 840.00 til rafveitunnar.

Söluskattur, verðjöfnunargjald svo og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalín í gjaldskránni, nema af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka þegar gildi, sbr. og heimild í auglýsingu nr. 67/1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 281 30. maí 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 13. apríl 1976.

**F. h. r.
Árni Snævarr.**

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið
16. febrúar til 30. júní 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 16. febrúar til 30. júní 1976:

Óverkaður saltfiskur

Stórfiskur nr. I kr. 278.00.

Millifiskur nr. I — 266.00.

Smáfiskur 40/60 nr. I — 225.00.

Smáfiskur 60/100 nr. I — 200.00.

Verð þessi eru fob. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Söltuð ufsaflök

15/20	kr. 230.00.
21/25	— 222.00.
26/30	— 214.00.
31/35	— 206.00.
36/40	— 198.00.

Verð þessi eru cif. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægni verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. apríl 1976.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

21. apríl 1976.

Nr. 130.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Kópavogi.

I. KAFLI

Gatnagerðargjöld A.

Þátttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögnum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulöð í Kópavogi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, að frádrægnum kostnaði við gatnagerð pr. rúmmetra svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu allt að 550 m ³	8.0%
Sama, rými umfram 550 m ³	12.0%
Raðhús og tvíbýlishús	6.0%
Fjölbýlishús	2.0%
Iðnaðarhús í skálabyggingu á einni hæð stærra en 2000 m ²	3.0%
Sama, stærð undir 2000 m ²	3.5%
Verslunar- og skrifstofuhús	6.0%
Annað húsnæði	4.0%
Allar byggingar á miðbæjarsvæði	10.0%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Næsta hæð undir þaki skal aldrei teljast minni að rúmmáli en flatarmál hennar margfaldað með 3.30.

Bílageymslur og önnur útihús skal telja með við útreikning á rúmmáli húsa.

Af gluggalausum kjallararymi íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er, að mati byggingarnefndar, að grafa út grunn en fylla hann upp, skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í húsrýmið innan frá.